



## Bið eftir heilbrigðisþjónustu – fyrirmæli embættis landlæknis um lágmarksskráningu

Í heilbrigðisþjónustu gefa biðlistar upplýsingar um fjölda einstaklinga sem bíða eftir tiltekinni þjónustu. Biðlistar eru mikilvægir fyrir skipulag heilbrigðisþjónustunnar og gefa vísbendingar um eftirspurn eftir þjónustu og hvernig tekst að mæta henni á hverri heilbrigðisstofnun.

Hér á eftir eru fyrirmæli um skráningu á bið eftir heilbrigðisþjónustu. Markmið fyrirmælanna er að samræma skráningu á upplýsingum svo uppgjör sé samræmt innan og á milli stofnana og gefi sem réttasta mynd af raunverulegu ástandi. Þessi fyrirmæli verða hluti af fyrirmælum landlæknis um lágmarksskráningu í heilbrigðisþjónustu sem nú eru í endurskoðun og koma út í heild sinni síðar á árinu 2023.

Dæmi eru gefin um hvernig skráningu skal háttað í biðlistaeiningum sjúkraskrárkerfanna Sögu og Orbit.

Hægt er að nálgast leiðbeiningar um skráningu í sjúkraskrárkerfinu Sögu á: [Saga 2022.3 - Biðlistar \(WPF\) \(origo.is\)](#)

### Skilgreining biðlista

Biðlisti á við samræmda, rafræna skráningu yfir einstaklinga sem hafa verið skilgreindir í þörf fyrir ákveðna, sérhæfða heilbrigðisþjónustu, s.s. rannsóknir, mat, greiningu, vistun eða meðferð. Átt er við fyrir fram ákveðna þjónustu en ekki bráðameðferð eða meðferð vegna lífsógnandi sjúkdóma.

### Skráningaratriði

- Rekstraraðilanúmer stofnunar þar sem einstaklingur bíður meðferðar

Ekki þarf að færa rekstraraðilanúmer handvirkt inn fyrir hverja biðlistafærslu. Einungis þarf að tryggja að rekstraraðilanúmer sé skráð þegar biðlistaeiningin í Sögu er sett upp. Rekstraraðilanúmer kemur sjálfkrafa með Orbit sendingum.

- Kennitala einstaklings sem bíður meðferðar
- Ábyrgur læknir (eða annar heilbrigðisstarfsmaður)
- Tilvísunardagsetning og auðkenni tilvísunaraðila (sú þær upplýsingar til)  
Dagur, mánuður og ár þegar heilbrigðisstarfsmaður gerir beiðni sem lýsir þörf einstaklings fyrir meðferð eða óskar eftir mati sérfræðings á þörf einstaklings fyrir meðferð.
- Dagsetning þegar bið hefst  
Dagur, mánuður og ár þegar sérfræðingur hefur staðfest þörf á meðferð og einstaklingur er skráður á biðlista.

Ef stofnun metur það sem svo að virk bið skuli ekki hefjast strax, þ.e. ef einstaklingur getur ekki þegið meðferð strax vegna læknisfræðilegra eða persónulegra ástæðna, skal tryggja að dagsetning þegar virk bið skal hefjast sé rétt skráð svo virkur biðtími sé rétt reiknaður. Í viðauka má sjá frekari útskýringar og dæmi úr sjúkraskrárkerfunum Orbit og Sögu.



- Forgangur

Forgangsflokkun tekur mið af **sjúkdómsástandi** einstaklings. Flokkar:

- a) 7 dagar/vika
- b) 30 dagar/4 vikur
- c) 60 dagar
- d) 90 dagar/3 mánuðir
- e) 365 dagar

- Staða beiðni

Meðferðarbeiðnir geta verið með eftirfarandi stöður á biðlista. Í viðauka eru flæðirit sem sýna hvernig beiðnir færast úr einni stöðu í aðra í því sjúkraskrárkerfi sem við á.

Staða beiðni	Skýring á stöðu	Viðeigandi stöður í Sögu	Viðeigandi stöður í Orbit
<i>Óvirk bið</i>	Einstaklingur telst ekki í virkri bið eftir meðferð.	Óvirk Forskráð	Óvirk bið (merking)
<i>Bíður meðferðar</i>	Virk bið eftir meðferð.	Ný Ódagsett Dagsett Innköllun	Skráð (Á biðlista) Skipulagt Innkallað
<i>Meðferð í gangi</i>	Bið lokið, en meðferð ekki lokið.	Í gangi	Í gangi
<i>Meðferð lokið</i>	Meðferð lokið.	Lokið	Aðgerð lokið
<i>Hætt við</i>	Einstaklingur fer af biðlista án þess að meðferð sé veitt. Þegar þessi staða er notuð þarf að gera frávikaskráningu (sjá að neðan).	Hætt við Eytt Hafnað	Hætt við

- Tilvísunarsjúkdómsgreining

Mikilvægasta ástæða tilvísunar samkvæmt Alþjóðlegs flokkunarkerfis sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála (International Classification of Diseases and Related Conditions). Nægir að nota fyrstu þrjá stafina.

Leyfilegt gildi: ICD kóði skv. gildandi útgáfu ICD.



- Fyrirhuguð meðferð  
Meðferðarkóði skráður samkvæmt gildandi kerfi

#### *Lyfjameðferð*

Lyf skulu skráð samkvæmt Anatomical Therapeutic Chemical Classification (ATC) sem er flokkunarkerfi lyfja sem Lyfjastofnun heldur skrá um. Auðkenna þarf að lágmarki lyfjagjöf sjúklinga með skráningu ATC flokka lyfjanna.

#### *Skurðaðgerðir*

NCSP (IS) kóði fyrirhugaðra(r) skurðaðgerða(r) er áætlaður með hliðsjón af tilvísunarsjúkdómsgreiningu. Ef skráðir eru fleiri en einn aðgerðarkóði verður alltaf að velja aðalaðgerðarkóða. Aðalaðgerð er sú sem samkvæmt áliti læknisins er yfirgripsmest og sú sem krefst mestra úrræða. Sá kóði er hafður fremst samkvæmt venju eða auðkenndur á annan hátt.

Eftir að aðgerð er framkvæmd þarf að fara yfir skráningu fyrirhugaðs aðgerðarkóða og gæta þess að skráður kóði stemmi við þá aðgerð sem gerð var. Ef skráning stemmir ekki við framkvæmda aðgerð þarf að skrá aðgerðarkóða þeirrar aðgerðar sem gerð var.

#### *Önnur meðferð*

Aðra meðferð þarf að skrá eftir þeim kóðakerfum sem við eiga hverju sinni.

- Dagsetning fyrirhugaðrar meðferðar

Dagur, mánuður og ár þegar meðferð er fyrirhuguð. Þessi breyta er notuð til að reikna biðtíma og því mikilvægt að hún sé rétt.

Aðgerðir og meðferðir sem vara styttra en sólarhring: Eftir að aðgerð er framkvæmd skal fara yfir skráningu fyrirhugaðs aðgerðardags og gæta þess að skráð dagsetning stemmi við þann dag aðgerð var gerð.

Meðferðir sem vara lengur en sólarhring: Þegar meðferð hefst skal fara yfir skráðan upphafsdag meðferðar og gæta þess að hann sé rétt skráður.

Ef fresta þarf meðferð skal skrá nýja dagsetningu og gera frávíkaskráningu (sjá meðfylgjandi flæðirit og upplýsingar um frávíkaskráning að neðan).



- Frávik

Skrá skal frávik þegar meðferð er frestað (ný dagsetning meðferðar skráð) eða einstaklingur er tekinn af biðlista, án þess að hafa fengið þá þjónustu sem hann beið eftir. Hægt er að nota þau frávik sem hver biðlistaeining býður upp á en tryggja þarf að frávikin geti fallið inn í neðangreinda yfirflokka.

*Ástæður fyrir frestun*

- a) Stofnanatengt
- b) Ytri aðstæður (t.d. óveður, verkfall, heimsfaraldur)
- c) Einstaklingstengt

*Ástæður fyrir að einstaklingur er tekinn af biðlista*

- a) Einstaklingur lést
- b) Meðferð veitt annars staðar
- c) Hætt við meðferð af öðrum ástæðum



## Viðauki

Ef stofnun metur það sem svo að virk bið skuli ekki hefjast strax, þ.e. ef sjúklingur getur ekki þegið meðferð strax vegna læknisfræðilegra eða persónulegra ástæðna, skal tryggja að dagsetning þegar virk bið skal hefjast sé rétt skráð svo virkur biðtími sé rétt reiknaður. Hér eftir fara frekari útskýringar og flæðirit fyrir sjúkraskrárkerfin Orbit og Sögu.

### Sjúkraskrárkerfið Orbit

Skráning á biðlista hefst þegar aðgerðabeiðni er gerð í Orbit og hefst biðin að öllu óbreyttu við skráningu beiðni. Ef aðgerðabeiðni er gerð fyrir sjúkling sem ekki á að teljast á biðlista frá þeim degi, þá er hægt að skrá þessa dagsetningu fram í tímann. Þar með telst viðkomandi sjúklingur ekki í virkri bið og þar með ekki í tölfræði um biðlista. Þegar kemur að þeirri dagsetningu sem skráð er í reitinn í aðgerðabeiðninni þá hefst raunverulegur biðtími eftir aðgerð og viðkomandi sjúklingur fer sjálfkrafa að telja með í biðlistagögnum. Skráning á biðlista fram í tímann hentar sérstaklega í þeim tilfellum þar sem sjúklingur er ekki tilbúinn til aðgerðar um það leyti sem aðgerðabeiðnin er gerð en það liggur nokkuð fyrir hvenær sjúklingur á að fara á biðlista. Það á t.d. við um þegar sjúklingar þurfa að hafa lokið annarri meðferð eða uppvinnslu fyrir aðgerð, hafa náð ákveðnum aldri, að ákveðinn tími er liðinn frá fyrri aðgerð o.þ.h., auk séróska sjúklinga sem vilja sjálfir bíða með aðgerð fram að ákveðnum tímapunkti.

Ef ekki er vitað hvenær sjúklingur á að skrást á biðlista þá er að merkt við reitinn „Óvirk bið – Telst ekki á biðlista“ undir skipulagsmöppur í aðgerðabeiðninni. Þetta á einkum við um sjúklinga sem þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði fyrir aðgerð sem ekki er hægt að tímaáætla og sjúklinga sem velja sjálfir að koma ekki í aðgerð að svo stöddu. Þessir sjúklingar telja ekki með í biðlistagögnum á meðan merkt er í reitinn „Óvirk bið – Telst ekki á biðlista“. Ef þessir sjúklingar eiga svo að fara á biðlista, þá þarf að fjarlægja merkinguna „Óvirk bið – Telst ekki á biðlista“ úr skipulagsmöppunum og breyta dagsetningunni í reitnum „Skráning á biðlista hefst“ í aðgerðabeiðninni yfir í þá dagsetningu sem við á. Það ætti í flestum tilfellum að gerast eftir að sjúklingurinn hefur sjálfur samband við innköllunarstjóra eða skurðlækni. ATH: Ekki er hægt að skipuleggja aðgerð í Orbit ef merkt er í reitinn „Óvirk bið – Telst ekki á biðlista“.

Sjá flæðirit fyrir sjúkraskrárkerfið Orbit að neðan.



## Biðlistaeining í sjúkraskrákerfinu Sögu

Skráning á biðlista hefst þegar aðgerðabeiðni er gerð í Sögu og hefst biðin að öllu óbreyttu við skráningu beiðni. Ef meðferð getur ekki hafist við fyrsta tækifæri vegna læknisfræðilegra ástæðna, t.d. ef ákveðinn tími þarf að líða milli aðgerða eða einstaklingur þarf að hafa náð tilteknum aldri svo meðferð geti átt sér stað, er stöðu breytt í Forskráð og dagsetning þegar meðferð getur hafist skráð fram í tímann. Þegar sú dagsetning rennur upp hefst raunverulegur biðtími. Á meðan sjúklingur er með stöðuna Forskráð telst hann ekki í virkri bið og þar með ekki í tölfræði um biðlista.

Ef einstaklingur kemst ekki fyrr en eftir tiltekinn tíma vegna persónulegra ástæða er stöðu breytt í *Óvirk* og dagsetning þegar meðferð getur hafist er skráð fram í tímann. Þegar sú dagsetning rennur upp hefst raunverulegur biðtími. Á meðan sjúklingur er með stöðuna *Óvirk* telst hann ekki í virkri bið og þar með ekki í tölfræði um biðlista.

Ef ekki er vitað hvenær sjúklingur á að skrást á biðlista er stöðu breytt í *Forskráð* (læknisfræðilegar ástæður) eða *Óvirk* (ósk sjúklings). Þegar að því kemur að sjúklingur skal hefja virka bið þá er stöðu breytt í *Ódagsett*. Tímabil sem sjúklingur er með stöðurnar *Forskráð* eða *Óvirk* telst ekki til biðtíma.

Sjá flæðirit fyrir biðlistaeiningu í sjúkraskrákerfinu Sögu að neðan.


**Staða:**

- Virk bið** Beiðni telur á biðlista
- Óvirk bið** Beiðni telur ekki á biðlista
- Bið lokið** Beiðni telur ekki á biðlista

**Ferli í biðlistaeyningu í Orbit**

Aðstæður sjúklings breytast og hann vill/getur ekki þegið aðgerð um óákveðinn tíma. Mat stofnunar er að sjúklingur skuli ekki telja á biðlista.

Aðgerð er frestað. Mat stofnunar er að sjúklingur skuli áfram telja á biðlista.



Læknir skráir nýja aðgerðarbeiðni

Óvíst er hvenær bið skal hefjast

Bið hefst strax

Bið hefst eftir tiltekinn tíma

**Óvirk bið (merking)**

**Skráð**

Dagsetningunni *Skráning á biðlista hefst* er breytt í þá dagsetningu þegar virk bið skal hefjast

Sjúklingur óskar eftir að koma inn á biðlista að nýju (þarf að gerast innan ákveðins tíma sem sjúklingur er upplýstur um)

Aðgerðardagur skráður

**Skráð**

Nýr aðgerðardagur ekki skráður

Nýr aðgerðardagur skráður

Dagsetningunni *Skráning á biðlista hefst* er breytt í þá dagsetningu þegar virk bið skal hefjast

**Skipulagt**

Dagsetning þegar virk bið skal hefjast rennur upp

**Skráð**

**Skipulagt**

Sjúklingur innkallaður í aðgerð

Frávik skráð

Frávik skráð

**Innkallað**

Aðgerð hefst

**Í gangi\***


Aðgerð lýkur

**Aðgerð lokið**

\*Ekki er gerð krafa um að nota stöðuna *Í gangi* fyrir aðgerðir/meðferðir sem standa yfir í minna en sólarhring nema það henti verkalagi stofnunar.

# Stöður í biðlistaeyningu í Sögu

- Virk bið** Beiðni telur á biðlista
- Óvirk bið** Beiðni telur ekki á biðlista
- Bið lokið** Beiðni telur ekki á biðlista



\*Ekki er gerð krafa um að nota stöðuna *Í gangi* fyrir aðgerðir/meðferðir sem standa yfir í minna en sólarhring nema það henti verkalagi stofnunar.